

Bæjarstjóri Garðabæjar
Herra Gunnar Einarsson

Hestamannafélagið Hörður hefur um nokkurt skeið boðið upp á reiðnámskeið fyrir fatlað fólk, aðallega börn, en þó einnig fyrir fullorðna. Hestamannafélagið Hörður er fyrsta félagið á Íslandi sem býður upp á slík námskeið. Námskeiðin byrjuðu árið 2010 í samstarfi við Hestamennt, reiðskóla Berglindar Ingu Árnadóttur.

Mjög góð aðstaða fyrir fatlaða er hjá hestamannafélaginu Herði, bæði hvað varðar aðkomu að Reiðhöllinni í Mosfellsbæ, þar sem námskeiðin eru haldin, sem og að komast á bak hestunum.

Markmið námskeiðanna er að bæta líkamsvitund og auka samhæfingu handa, fóta og skynfæra, auka sjálfstæði og færni í samskiptum við hesta, kynnast hestinum og læra undirstöðuatriði í umhirðu hestsins, ásamt að geta umgengist hesta af öryggi og óttaleysi. Markmiðið er einnig að styrkja leiðtogahlutverk í samskiptum við hestinn og eiga frábæra stund saman í skemmtilegu umhverfi. Námskeiðin hafa verið vel sótt en því miður komast færri að en vilja.

Meðal annars í ljósi stígandi þátttöku í námskeiðunum og þess árangurs sem þau hafa skilað fötluðum í formi bættra lífsgæða og hreyfigetu, hefur hestamannafélagið Hörður lengi haft mikinn áhuga á því að efla og styrkja þetta árangursríka og mikilvæga starf. Það er von okkar, að með sameinuðu átaki allra hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu, verði hægt að byggja upp aðstöðu á fleiri stöðum og mæta þannig vaxandi eftirspurn eftir námskeiðum sem þessum. Stofnað verði sérstakt félag um námskeiðin með aðkomu allra hestamannafélaganna á svæðinu.

Sem fyrsta skrefið í að stofna reiðskóla fyrir fatlaða á Stór-Reykjavíkursvæðinu, boðar hestamannafélagið Hörður til kynningarfundar á starfsemi reiðskóla fyrir fatlað fólk, mánudaginn 11. september kl. 15:00-16:00.

Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson, verður heiðursgestur fundarins.

Dagskrá:

- Kynning á aðstöðu reiðskólans fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun (Reiðhöll Harðar)
- Framtíðarsýn – Kynning sérstaks félags um reiðskóla fyrir fatlaða og fólks með þroskahömlun með aðild allra hestamannafélaganna á Höfuðborgarsvæðinu (Harðarból).
- Léttar veitingar.

Vinsamlegast staðfestu komu þína fyrir 8. september næstkomandi á hordur@hordur.is eða í síma **849-8088** Oddrún.

Kveðja Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ